



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2019-2020

Fag: Stærðfræði

Bekkur/samkennsluhópur: 3. bekkur

Kennari/kennarar: Arna Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 6

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: U.þ.b. 216

Tímabil: Allt skólaárið

Efni/þema sem tekið er fyrir:

Upplýsingar og tölfræði – Þriggja stafa tölur og talnalínur – Mælingar – Tími – Rúmfræði – Margföldun 1 – Deiling – Samhverfa og horn – Mælingar – Almenn brot og prósentu – Reikningur – Mynstur og algebra

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Tölur og algebra – nemendur eiga að:

- geta lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 1000 og táknað slíkar tölur með peningum
- geta skipt þriggja stafa tölu upp eftir sætum í hundruð, tugi og einingar
- geta skilið einföld almenn brot sem hluta af heild þar sem gengið er út frá dæmum úr daglegu lífi
- geta talið áfram og aftur á bak með því að „hoppa“ á hverri tölu, annarri hverri, fimmtu hverri, tíundu hverri, fimmtugustu hverri og hundruðustu hverri í hverju hoppi
- geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum á mismunandi vegu
- kunna tvítöfluna, þrítöfluna, fjórtöfluna, fimmtöfluna, sextöfluna og títöfluna og geta notað þær í einföldum marföldunar og deilingardæmum úr daglegu lífi
- skilja jöfnumerkið sem tákn fyrir að tvær stærðir eru jafn stórar
- geta lýst og haldið áfram með talnarunur/talnamynstur sem ýmist fara stækkandi eða minnkandi

Rúmfræði – nemendur eiga að:

- geta flokkað algengustu tví- og þrívíð form með hliðsjón af rúmfræðilegum eiginleikum eða einkennum þeirra
- þekkja rétt horn, hvöss horn eða gleið horn
- þekkja og geta notað speglun og samhverfu
- geta borið kennsl á, búið til, lýst og haldið áfram með einföld rúmfræðimynstur
- geta lýst staðsetningu punkts í rúðuneti með tilvísun í staðsetningu annars punkts

Mælingar – nemendur eiga að:

- geta áætlað, mælt og borið saman lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál

- kunna á klukku og geta skráð tímasetningar, bæði á hefðbundinn og stafrænan hátt, og kunna að reikna út tímann á milli einfaldra tímasetninga
- þekkja og geta notað íslenskar myntir og seðla upp í 1000kr

Tölfræði og líkindareikningur – nemendur eiga að:

- geta safnað saman og flokkað einföld gögn í viðeigandi flokka
- geta sett upplýsingar fram í töflu og lesið úr töflum og einföldum

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

- Að geta tjáð sig munnlega
- Að geta tjáð sig skriflega
- Að geta lesið og reiknað
- Að geta notað stafræn tæki
- Að geta notað tungumál og verkfæri stærðfræðinnar
- Að tileinka sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og trú á eigin getur
- Að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt
- Að geta sett fram, táknað og leyst stærðfræðileg vandamál

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Ætlast er til að nemendur séu virkir og sýni jákvæða hegðun í kennslustundum. Nemendur þurfa að tileinka sér snyrtileg og vönduð vinnubrögð og skila verkefnum á tilsettum tíma.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

Grunnþáttur	Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig)	Virkt beint	Óbeint
Læsi		X	
Sköpun		X	
Lýðræði Mannréttindi		X	
Jafnrétti		X	
Heilbrigði og velferð			X
Sjálfbærni		X	

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöfum

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Nemendur gera grein fyrir niðurstöðum athuganna
Hlustun	Nemendur hlusta á fyrirmæli kennara. Nemendur fylgjast með kynningum samnemenda.
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Nemendur gera grein fyrir niðurstöðum athuganna
Skapandi úrvinnsla	Nemendur verða hvattir til að vera skapandi í sínu námi m.a. þegar unnið er með myndur
Gagnrýnin hugsun	Nemendur beita gagnrýnni hugsun m.a. þegar ákveða á hvaða leiðir þarf að fara til að leysa verkefni
Sjálfstæði	Nemendur halda utan um eigin vinnu
Samvinna	Unnið er í hópum þar sem nemendur hjálpast að. Nemendur hvattir til að leita til hvers annars til að fá aðstoð
Nýting miðla og	Nemendur leita af upplýsingum á veraldarvefnum

upplýsinga	
Ábyrgð á eigin námi	Nemendur halda utan um eigin vinnu
Seigla/úthald	Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp.
Mat á eigin námi	Sjálfsmat

Helstu kennsluáðferðir

- | | |
|---|--|
| <input checked="" type="checkbox"/> Útlistunarkennsla | <input checked="" type="checkbox"/> Útikennsla/útinám |
| <input checked="" type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar | <input type="checkbox"/> Söguáðferð |
| <input type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| <input type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir | <input type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært |
| <input type="checkbox"/> Leitarnám | <input checked="" type="checkbox"/> Hópavinna |
| <input checked="" type="checkbox"/> Spil/námsleikir | <input type="checkbox"/> Þemanám |
| <input checked="" type="checkbox"/> Samvinnunám | <input type="checkbox"/> Verklek kennsla (LBD) |
| <input type="checkbox"/> Annað | <input type="checkbox"/> Samþætt markvisst við aðrar námsgrein |
| Hvað? _____ | Hvaða? _____ |

Heimanám:

- Daglega
 2-3 sinnum í viku
 1 sinni í viku
 1 sinni til tvisvar í mánuði
 Nánast ekkert
 Frjálst/ nemendastýrt
 Ekkert heimanám

Námsmat: Nemendur fá umsögn í lokin. Námsmatsaðferðir sem notaðar eru eru símat og sjálfsmat.

Hlutfall sjálfsmats:

Hlutfall verkefnaskila:

Hlutfall símats kennara:

Hlutfall lokamats:

Verkefnaþing og/eða vinnubækur:

Leiðsagnarmat nýtt: já () Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:

Sproti 3a og b, nemendabók og æfingahefti

Í undirdjúpunum

Skólavefurinn

nams.is

Önnur verkefni frá kennara

Arna Magnúsdóttir

Seyðisfjarðarskóli ágúst 2019